

## Ársfundur Bekkingarsetursins Nýheima 15. mars 2016

Þriðji ársfundur Bekkingarsetursins Nýheima (NP) haldinn í Nýheimum þriðjudaginn 15. mars 2016 kl. 16:00.

Davíð Arnar Stefánsson var fundarstjóri og Hugufrún Harpa Reynisdóttir fundarritari. Davíð setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og fór yfir dagskrá fundar.

Málefni fundarins:

### I. Skýrsla formanns

Eyjólfur Guðmundsson stjórnarformaður flutti skýrslu formanns. Í skýrslu sinni gerði hann grein fyrir starfsemi Bekkingarsetursins á liðnu ári. Gerði hann að umtalsefni fjölda stjórnarfund, innihald þeirra og mætingu á fundi.

Einnig vék Eyjólfur að þeim framkvæmdum sem nú er unnið að og er ætlað að bæta aðstöðu innanhúss til ráðstefnuhalds. Hafa þær framkvæmdir mikið gildi fyrir stofnaðila setursins.

Er það ákveðinn veikleiki að Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi og Vöruhúsið hafi ekki beina aðild að stjórn en ekki er til neinn formlegur vetvangur fyrir samstarf allra starfsmanna Nýheima.

Í lok skýrslu sinnar greindi Eyjólfur frá hugmyndum sínum um gerð Nýheimaannáls þar sem birt yrði samantekt á starfsemi Nýheima. Einnig lagði hann til að unnið yrði að endurskoðun á skipulagsskrá og sú endurskoðun yrði tekin til afgreiðslu á næsta ársfundi.

Í kjölfar skýrslu formanns gerði Davíð Arnar samantekt forstöðumanns skil. Í samantekt forstöðumanns var gert grein fyrir starfsemi Bekkingarsetursins og þeim verkefnum sem unnið var að árið 2015.

### Umræður:

Þorvarður fagnar því að Nýsköpunarmiðstöð sé aftur komin með aðila í stjórn og leggur áherslu á að tengslin við Vöruhúsið séu mjög mikilvæg fyrir Nýheima. Leggur hann áherslu á að mikilvægt sé að skoða hvernig megi endurvekja þau tengsl, hugsanlega með áheyrnarfulltrúa í stjórn. Kristín tekur undir og bendir á að sama geti gilt um Fræðslunetið. Fundurinn var sammála því að áheyrnarfulltrúi í stjórn væri ein leið sem gæti verið gagnleg fyrir alla.

Ragnhildur tekur undir orð Eyjólfss um endurskoðun á skipulagsskrá. Hana þurfi að endurskoða vegna ákveðinna brotalama sem þarfnast skoðunar og mikilvægt að endurskoða skipulagsskrá með það fyrir augum að gera breytingar til batnaðar.

### II. Ársreikningar 2015

Davíð Arnar Stefánsson, forstöðumaður kynnti ársreikninga. Að loknum umræðum um ársreikninga voru þeir samþykktir.

### **III. Starfsáætlun 2016**

Starfsáætlun hafði áður verið rædd á fundi stjórnar og var því borin upp til samþykktar. Að loknum umræðum var starfsáætlun ársins 2016 samþykkt.

### **IV. Rekstraráætlun 2016**

Rekstraráætlun hafði áður verið rædd á fundi stjórnar og var því borin upp til samþykktar. Að loknum umræðum var rekstraráætlun ársins 2016 samþykkt.

### **V. Breytingar á skipulagsskrá**

Eyjólfur rakti nokkra þá þætti skipulagsskrár sem þarfnast endurskoðunar. Ákveðið var að hefja vinnu við heildarendurskoðun á skipulagsskrá, formanni og forstöðumanni falið að hefja þá vinnu.

### **VI. Kjör í embætti**

Skipað er í embætti til tveggja ára. Fanney Björg Sveinsdóttir og Nína Síbyl Birgisdóttir gengu úr stjórn sem gjaldkeri og ritari.

Formaður: Eyjólfur Guðmundsson

Varaformaður: Helga Árnadóttir

Gjaldkeri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Ragnhildur Jónsdóttir

### **VII. Önnur mál**

Þorvarður lýsti ánægju sinni með þær framkvæmdir sem eiga sér nú stað á Nýrtorgi og í fyrirlestrarsal.

Eyjólfur vakti máls á auknu umfangi starfseminnar í tengslum við samstarf við SASS og verkefni Matarsmiðju Matís á Höfn.

Kristín vakti máls á því hvernig ársfundurinn var auglýstur, en hann var að þessu sinni ekki auglýstur í Eystrahorni líkt og á síðasta ári. Ragnhildur tekur undir með Kristínu og leggur áherslu á að hafa ætti fyrir reglu að auglýsa fundinn opinberlega og að hann sé opinn öllum. Umræður sköpuðust um þátttöku íbúa og starfsmanna innan Nýheima í ársfundi þekkingarsetursins.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 17:10